



Salurinn kl. 17

Lög unga fólksins kallar Kristján Karl Bragason píanóleikari efnis-skrá sína sem hann flytur í Salnum í dag. Verk eftir Beethoven, Jón Leifs, Prokofiev og Chopin munu hljóma þar. Kristján hóf píanónám hjá Lydiu Kolosowska í Tónlistarskólanum á Dalvík en hefur síðan stundað nám í Reykjavík, Frakklandi, Þýskalandi og víðar.

menning

menning@frettabladid.is

Blæbrigði litarins í vatni

Nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum viðamikil sýning sem Aðalsteinn Ingólfsson dró saman af vatnslitaverkum íslenskra myndlistarmanna frá upphafi til okkar daga. Samfara sýningarhaldinu var á dögunum gefin út vönduð bók um íslenska hefð í vatnslitamálu sem hann ritstýrir og nú um helgina er efnt til þinghalds um þessa merkilegu og vinsælu hefð. Þrjú erindi verða flutt á málþingi sem helgað er vatnslitasýningunni og fer fram á morgun kl. 15. Fyrirlesarar eru Aðalsteinn Ingólfsson, JBK Ransu og Harpa Björnsdóttir. Að loknu hverju erindi verður boðið upp á fyrirspurnir.

Aðalsteinn Ingólfsson sýningarstjóri fjallar um abstraktmyndir Skarphéðins Haraldssonar frá öndverðum

sjötta áratugnum, bæði vatnslitamyndir og gvasamyndir, en þær eru nánast óþekktar. Aðalsteinn fjallar um og skoðar myndirnar í tengslum við myndir „þekktari“ listamanna frá sama tíma.

Í erindi sínu mun myndlistarmaðurinn JBK Ransu leggja út frá staðhæfingunni að ekki séu allar myndir listaverk. Listgildi mynda er metið út frá listheimskerfi síns tíma.

Þriðja erindið ber yfirskriftina Skilgreiningin drepur fegurðina. Þar gengur Harpa Björnsdóttir myndlistarmaður út frá þeirri fullyrðingu að skilgreiningin drepur fegurðina og eyði upplifuninni.

MYNDLIST Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur kynnis áður óþekktar myndir eftir Skarphéðin Haraldsson á þingi um vatnsliti á morgun á Kjarvalsstöðum.



> Ekki missa af

Purcell tónleikum sem verða í Grindavíkurkirkju á morgun kl. 17 og eru liður í Menningarviku Grindavíkurbæjar. Þar koma fram Anna Jónsdóttir sópran, Sophie Schoonjans harpa og Örnólfur Kristjánsson selló. Aðgangur er ókeypis, en frjálst framlög velkomin.

Á síðasta ári voru liðin 350 ár frá fæðingu Henry Purcell. Af því tilefni er dagskráin sett saman úr sönglögum hans, þar sem leitast er við að sýna fjölbreytni í lagavali, allt frá sálmum til óperuaría.

Úrval verka í Nýlistasafni

Á fimmtudag var opnuð sýning í nýjum húsakynnum Nýlistasafnsins að Skúlagötu 28 á úrvali verka úr safninu og mun hún standa til 2. maí. Safneign Nýlistasafnsins á upphaf sitt í rúmlega sjötíu hlutum sem tengdust SÚM 1965-1972.

Nýlistasafnið er sjálfseignarstofnun, stofnað af hópi listamanna árið 1978, með það að markmiði að safna samtímamyndlist og vera vettvangur fyrir sýningar og listviðburði. Var stofnun þess til að tryggja varðveislu samtímalistar sem bæði stóru söfnin í Reykjavík, Listasafn Reykjavíkur og Listasafn Íslands, höfðu þá ekki sinnt.

Í upphafi skyldu félagsmenn gefa tvö verk og síðan eitt á ári en ákvæðinu var síðar breytt í eitt verk á fimm ára fresti vegna geymsluvanda. Lát varð á söfnun verka til safnsins sem lengi átti við geymsluskort að stríða. Þegar ný safnstjórn kom til starfa var ráðist í að skrá safnið. Safneign Nýlistasafnsins telur í dag um 2.000 verk, um þriðjung fleiri verk en skráð voru í byrjun árs 2008 þegar stjórn safnsins hóf það viðamikla verkefni að fullskrá safneignina og heimildasafn safnsins.



MYNDLIST Eitt verka á sýningunni: fræg mynd eftir Sígurð Guðmundsson sem kallaðist á við aðra frægari mynd af Frank Zappa.

Ný stjórn kom upp nýju safnrými á Skúlagötu 28 fyrir margháttaða starfsemi safnsins, sem er í senn söfnunar-, rannsóknar- og sýningar-, og lifandi vettvangur.

Verkin á sýningunni eru eftir íslenska og erlenda listamenn og eru allt gjafir listamanna til safnsins, þótt aðdragandi þess að safn-

inu áskotnist þau sé mismunandi. Safneigninni tilheyrir mikill fjöldi verka sem tíminn hefur leitt í ljós að eru afar merkileg verk eftir helstu listamenn landsins og erlenda listamenn, sem sumir hverjir eru meðal þekktari listamanna 20. aldarinnar.

pbb@frettabladid.is

GERÐUBERG
Menningarmiðstöð



2010



Laugardagur 13. mars kl. 10.30 – 13.15

Úr grárrí forneskju í glansandi bók

Ráðstefna um barna- og unglingsbókmenntir
Fyrirlesarar: Iðunn Steinsdóttir, Ármann Jakobsson, Friðrik Erlingsson og Brynhildur Þórarinsdóttir.



Laugardagur 13. mars kl. 14 – 15

Langafi prakkari

Möguleikhúsið sýnir leikrit byggt á sögum Sigrúnar Eldjárns.
Miðaverð kr. 1.500. Pantanir í síma 562-2669
moguleikhusid@moguleikhusid.is



Sunnudagur 14. mars kl. 14 – 16

Syngjum og kveðum... söngva frá Írlandi

Bretlandseyjum, Hjaltlandseyjum, Íslandi, Færeyjum og Búlgaríu. Söngstund á kaffihúsinu í umsjón Báru Grímsdóttur og Chris Foster.

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16

Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700

Netfang: gerduberg@reykjavik.is | www.gerduberg.is



Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

Rose Bruford College of Theatre & Performance

Einn af fremstu leiklistar- og leikhússkólum í Evrópu, sem býður upp á nám á öllum hliðum leikhúss.

Faglegt nám í virtum leiklistar- og leikhússkóla í London.

Skólinn býður upp á nám til BA gráðu í:

Leiklist (Acting)

Leiklist með áherslu á Evrópska leikhúsaöferð (European Theatre Arts)

Leiklist & Tónlist (Acting Musicianship)

Leiklist með áherslu á Ameríska leikhúsaöferð (American Theatre Arts)

Leikmynda & búningahönnun (Theatre Design)

Hljóðmyndahönnun (Performance Sound)

Ljósahönnun (Lighting Design)

Skapandi ljósastryring (Creative Lighting Control)

Búningagerð (Costume Production)

Sviðsstjórn (Stage Management)

Leikmynda/Leikmunagerð (Scenic Arts)

Inntökupróf og viðtöl fyrir allar deildir fara fram í Hinu Húsinu, Reykjavík, 20. og 21. mars, fyrir inngöngu í september 2010.

Sigurður Hjaltason í uppáerslu
Rose Bruford College of
The Man Who Came to Dinner

Rose Bruford College er meðlimur í
The Conference of Drama Schools

CDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sue.mctavish@bruford.ac.uk

www.bruford.ac.uk



ÍSLENSK HÖNNUN Traktor Manfræðs Vilhjálmssonar er meðal þeirra gripa sem eru til sýnis á sýningunni, Hann var upphaflega gerður fyrir son arkitektsins en var svo framleiðdur í 80 eintökum í tilefni áttatréðisafmælis Manfræðs árið 2008.

Í augnhæð barna

„Á þessari sýningu er verið að vinna með hugarheim barna, ímyndunarafli og þroska,“ segir Tinna Gunnarsdóttir, vöruhönnuður og sýningarstjóri sýningarinnar í barnastærð sem opnuð verður í Hafnarborg í dag. Á henni gefur að líta leikföng og húsgögn sem sérstaklega eru hönnuð fyrir börn og sækja innblástur í leiki þeirra og hugmyndaheim. Sýningin er þó ekki bara hugsuð fyrir fullorðna heldur gefst börnum tækifæri á að leika sér, prófa kassabíla sem hafa verið smíðaðir fyrir tilefnið og byggja sér hús úr teppum og stólum svo dæmi séu tekin.

„Hægt verður að dansa í einu herbergja safnsins, í sérstökum dansskóm sem eru þannig úr garði gerðir að ofan á þeim eru fastir barnaskór, þannig geta krakkar dansað ofan á ristinni á pabba eða mömmu. Svo verður listasmiðja

starfrækt fyrir börnin,“ segir Tinna.

Í aðalsal safnsins verður hönnun fyrir börn til sýnis, húsgögn og munir íslenskir sem erlendir. Og þó að þann hluta sýningarinnar megi bara skoða, ekki snerta, þá er gripunum stillt upp í augnhæð barna og þeim þannig gert auðvelt að njóta sýningarinnar. Megináhersla er á íslenska hönnun en mikill hluti sýningargripa er húsgögn og leikföng sem hönnuðir, arkitektar og listamenn hafa unnið fyrir sín eigin börn og ekki hafa farið í framleiðslu.

Viðamikil dagskrá verður í boði fyrir gesti safnsins á öllum aldri en einnig er boðið upp á fræðslu fyrir skólahópa sem bæði geta tekið þátt í leiðsögnum og listsmíðjum. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu safnsins, www.hafnarborg.is.

- sbt